

# Flokkun í Skagafirði

Leiðbeiningar til íbúa

## Ávarp sveitarstjóra

Kæri íbúi,



Um síðustu áramót tóku gildi breytingar á lögum um meðhöndlun úrgangs sem hafa umtalsverð áhrif á sorphirðu um land allt. Með lögunum er innleitt um allt land samræmt flokkunarkerfi í fjóra flokka, þ.e. pappír og pappa, plastumbúðir, lífrænan eldhúsúrgang og almennt sorp. Markmiðið með nýjum lögum er að draga úr auðlindanotkun, auka líftíma auðlinda jarðar og koma í veg fyrir að efni og hlutir hverfi úr hagkerfinu sem úrgangur.

Samhliða verður tekið upp nýtt kerfi við innheimtu gjalda fyrir meðhöndlun úrgangs sem miðar að því að greitt sé fyrir það magn sem er hent (*pay as you throw* – borgað þegar hent er). Jafnframt er ætlunin að beita mengunarbótareglunni í meira mæli við úrgangsstjórnun en verið hefur, það er að segja að því meira sem fólk flokkar og því minna sem það hendir, því minna borgar það. Allir hafa því beinan fjárhagslegan hag af flokkun og endurnýtingu og að endurvinnsla úrgangs sé aukin, auk þess sem það skilar miklum umhverfislegum ávinningi, t.a.m. í minni losun gróðurhúsalofttegunda.

Sveitarfélagið Skagafjörður bauð út sorphirðu í héraðinu öllu á síðasta ári. Þar var innifalið að taka upp samræmda flokkun í dreifbýli sem og þéttbýli í anda niðurstöðu skoðanakönnunar meðal íbúa í dreifbýli þannig að heimilissorp í fyrrgreindum fjórum úrgangsflokkum verður sótt til allra heimila í Skagafirði. Þann 1. apríl nk. tekur Íslenska gámafélagið við sorphirðu í Skagafirði og um leið við breyttri og aukinni þjónustu. Býð ég fyrirtækið velkomið til starfa.

Rétt er að geta þess að rekstraraðilum ber sem fyrr að sjá um sín úrgangsmál með samningi við verktaka eða með því að skila úrgangi á móttökustöðvar.

Auðlindir heimsins eru ekki óþrjótandi og í sorpi eru fólgin verðmæti sem okkur ber að nýta eftir föngum. Ábyrg umgengni um náttúruna varðar framtíð okkar allra, ekki síst í stóru matvælaframleiðsluhéraði eins og hér í Skagafirði. Það skiptir okkur öll að vel takist til með framþróun þessa mikilvæga málaflokks.

Bestu kveðjur,
Sigfús Ingi Sigfússon, sveitarstjóri Skagafjarðar



VISSIR ÞÚ AÐ ...

... ef endurvinnsluhráefni er illa flokkað eða óhreint, er það ekki hæft til endurvinnslu og því losað sem almennt sorp?

## Mikilvægi endurvinnslu

Allar umbúðir og annað í daglegri notkun fólks er unnið úr hráefnum sem eiga sér uppruna úr náttúrunni. Plast er unnið úr olíu, málmar unnir úr námum með tilheyrandi jarðraski og tré eru felld niður til að framleiða pappír. Markmiðið með endurvinnslu er að búa til hringrás sem miðar að því að draga úr frumvinnslu hráefna og minnka álag á auðlindir jarðar. Þannig má einnig draga úr urðun á úrgangi og koma í veg fyrir að bæði efni og orka tapist úr hringrásinni. Flokkun til endurvinnslu stuðlar að hringrás hráefna og minni auðlindanotkun. Sem dæmi má nefna að fyrir hvert tonn af plasti sem fer í endurvinnslu sparast 2.600 lítrar af olíu. Auk þess fer mun minni orka í að endurvinna hráefni en við frumvinnslu þess. Endurvinnsla áls þarfnast t.d. einungis 5% þeirrar orku sem þarf við frumvinnslu þess. Það er því til mikils að vinna.




Mikilvægt er að flokka vel til endurvinnslu og reyna minnka úrgang eftir bestu getu. Aukin umhverfisvitund fólks er þannig mikilvæg til þess að stýra kauphegðun, hvernig hlutir eru notaðir og hvernig þeim er fargað að lokinni notkun. Spurningar eins og: *Er vöntun á þessu? Hvernig eru umbúðirnar? Er þetta fjölnota? Er þetta endurvinnanlegt? Úr hverju er þetta búið til?* – eru spurningar sem vert er að spyrja.

Bestu flokkunarkveðjur frá starfsfólki Íslenska gámafélagsins.

## Nýtt samræmt flokkunarkerfi

Um áramótin tóku í gildi breytingar á lögum um meðhöndlun úrgangs sem fela í sér flokkun í fjóra úrgangsflokka við heimahús:

- Pappír og pappi
- Plast
- Matarleifar
- Blandaður úrgangur

Nú er komið að því að innleiða þetta samræmda flokkunarkerfi í Skagafirði. Tunnum verður dreift á heimili næstu daga og starfsfólk Íslenska gámafélagsins mun svo ganga í hús 11. og 12. mars n.k. til að kynna íbúum nýja flokkunarkerfið.

Allar tunnur verða merktar með nýjum samnorrænum flokkunarmerkingum. Nú þegar er mikið af innfluttum vörum frá Norðurlöndunum merktar með þessum merkjum til þess að leiðbeina fólki að flokka umbúðirnar.

Nú hefur einnig orðið sú breyting að sveitarfélög fá greitt frá Úrvinnslusjóði fyrir sérsöfnun á plasti, pappír og gleri. Sjóðurinn greiðir eftir því magni sem safnast af hverjum flokki og því skiptir miklu máli fyrir sveitarfélagið og íbúa þess að vel sé flokkað.



# Flokkunartafla

## Pappír og pappi

Í tunnu fyrir pappír og pappa má setja pappír, bylgjupappa, fernur og sléttan pappa, dagblöð og tímarit. Til að hægt sé að endurvinna umbúðir/hráefni þarf það að vera hreint. Það er því mikilvægt að tæma og hreinsa matarleifar úr umbúðunum, annars eiga þær heima með blönduðum úrgangi. Til þess að spara pláss í tunnunni skal brjóta saman pappa.





Dagblöð


Tímarit


Skrifstofupappír


Minnismiðar


Bækur án harðkápu


Umslög


Fernur


Umbúðir úr pappa

### Má *ekki* fara

Óhreinar umbúðir
Handþurrkur
Servíettur/munnþurrkur
Bökunarpappír
Pakkabönd
Möppur
Bókakápur


Pappahólkar


Eggjabakkar


Morgunkornspakkar


Pizzakassar


Kassar með bylgjaðar brúnir

# Flokkunartafla
## Plast




Í tunnu fyrir plast má eingöngu setja plast. Til að hægt sé að endurvinna plast þarf það að vera hreint. Það er því mikilvægt að tæma og hreinsa matar- og efnaleifar úr umbúðum, annars eiga þær heima með blönduðum úrgangi. Plast skal rúmmálsminnka eins og hægt er til þess að spara pláss í tunnunni.


Plastbakkar


Plastpokar


Plastbrúsar


Plastlok


Plastbakkar með loki


Áleggsbréf


Plastglös


Skvísur


Plasttappar


Plastfilma


Plastdiskar


Snakkpokar


Túbur af snyrtivörum

### Má *ekki* fara

Óhreinar umbúðir
Leikföng með rafhlöðum
Raftæki
Geisladiskar og dvd diskar
Tannburstar
Plastmöppur
Lyfjaspjöld
Umbúðir undan spilliefnum

# Flokkunartafla

## Matarleifar

Matarleifar falla til í eldhúsum heimila og fyrirtækja. Eingöngu má nota jarðgeranlega poka fyrir þennan úrgangsflokk. Matarleifum er umbreytt í moltu sem t.d. er hægt að nýta í landgræðslu.





Ávextir og grænmeti


Pasta og kartöflur


Brauð


Hrísgrjón ofl. kornmeti


Kaffikorgur og kaffifilter


Ostur og annað álegg


Eldaðir fiskafgangar


Eggjaskurn


Tepokar


Eldaðir kjötafgangar


Tannstönglar


Afskorin blóm


Eldhúspappír

### ❌ Má *ekki* fara

- Plast
- Bleyjur
- Sláturúrgangur
- Dýrasaur
- Kattasandur
- Ryksugupokar
- Eyrnapinnar
- Bómullarhnoðrar

## Blandaður úrgangur

Í blandaðan úrgang fer allt það sem ekki hefur skilgreindan endurvinnsluferil. Sem dæmi má nefna:




Óendurvinnanlegar óhreinar umbúðir
Bleyjur og tíðarvörur
Ryksugupokar
Tyggjó
Kattasandur og dýrasaur
Bökunarpappír
Bómullarskífur og eyrnapinnar

## Hvað verður um hráefnið?

| | | |
|---|---|---|
| Blandaður úrgangur | Fer í urðun í Stekkjarvík | |
| Matarleifar | Fer í jarðgerð í Moltu í Eyjafirði | Verður að moltu |
| Plast | Flokkað, pressað og baggað hjá ÍGF | Fer í útflutning til endurvinnslu eða endurnýtingu |
| Bylgjupappi | Pressað og baggað hjá ÍGF | Fer í útflutning til endurvinnslu |
| Pappír og pappi | Flokkað, pressað og baggað hjá ÍGF | Fer í útflutning til endurvinnslu |

## Umhirða og staðsetning íláta



Gott er að hafa í huga að fjarlægð íláta frá vegi sé ekki mikil eða valdi starfsmönnum okkar óþarfa álagi við sorphirðu. Best er að hafa ílát sem næst götu og í tunnuskýlum.



Að vetri til er ætlast til að íbúar moki frá tunnum og hálkuverji. Gríðarlega erfitt er að draga ílátin í miklum snjó auk þess sem hálka getur verið varasöm.



Yfirfull ílát geta skapað vandræði við losun. Hætta er á að vargfugl komist í úrganginn eða innihald tunnunnar fari að fjúka um. Þess vegna er mikilvægt að minnka ummál úrgangsins eins og hægt er, eins og með því að brjóta saman pappa o.s.frv. Hægt er að hafa samband og fá útveguð aukaílát ef ílátin eru að fyllast fljótt og fyrir losunardag. Rukkað er samkvæmt verðskrá. Einnig er hægt að koma með umfram magn af úrgangi á næstu móttökustöð.



Íbúar bera ábyrgð á sínum ílátum. Æskilegt er að hreinsa þau eftir þörfum. Það kemur í veg fyrir að óhreinindi safnist fyrir í ílátinu og skapi ólykt.

## Grenndarstöðvar

Settar verða upp grenndarstöðvar í sveitarfélaginu til söfnunar á málmum, gleri og textíl. Öðrum flokkum á að skila á móttökustöðvar. Mikilvægt er að ganga vel um svæðið.

**Málmar:** Litlir og hreinir málmhlutir eins og niðursuðudósir, krukkulok og sprittkertakoppar.
**Gler:** Hrein ílát og flöskur úr gleri. Tappar og krukkulok mega ekki fara með gleri heldur skal flokka með plasti og málmi eftir því sem við á.
**Textíll:** Allur textíll eins og fatnaður, lín og efnisbútar.

## Móttökustöðvar

Í sveitarfélaginu eru reknar þrjár móttökustöðvar. Þær eru Flokka á Sauðárkróki, Farga í Varmahlíð og á Hofsósi. Þar er tekið á móti öllum úrgangi og endurvinnsluhráefni. Íbúar skulu flokka úrganginn eins mikið og mögulegt er áður en komið er á móttökustöðina til þess að flýta afgreiðslu. Ekki er tekið á móti úrgangi í svörtum pokum heldur skal nota glæra poka. Þetta er gert til að koma í veg fyrir urðun á efni og hlutum sem hægt er að koma í betri farveg.

Starfsmenn móttökustöðva leiðbeina íbúum og rukka fyrir gjaldskylda flokka á opnunartímum.

**Opnunartímar Sauðárkrókur, Borgarteigur 12**
mánudaga til föstudaga 10:00-18:00
sunnudagar 12:00-15:00

**Opnunartímar Varmahlíð, Skagafjarðarvegur**
þriðjudagar og fimmtudagar 13:00-18:00
laugardagar 13:00 -16:00

**Opnunartímar Hofsósi**
miðvikudagar og föstudagar 13:00-18:00
sunnudagar 13:00-16:00

**Dæmi um gjaldskylda flokka:**

Blandaður úrgangur
Grófur óflokkaður úrgangur
Flísar og postulín
Gifs
Dýnur
Timbur

**Dæmi um gjaldfrjálsa flokka:**

Plastumbúðir
Pappír og pappi
Málmar
Glerumbúðir
Raftæki
Heyrúlluplast
Spilliefni

# Sorphirðudagatal

Ílát fyrir plast, pappír og blandaðan úrgang eru tæmd á 6 vikna fresti og ílát fyrir lífrænan úrgang á 2 vikna fresti, bæði í þétt- og dreifbýli. Undantekning er á dreifbýli á fjarsvæðum en þar er tæmt helmingi sjaldnar og því verða stærri ílát notuð þar.

## Þéttbýli

**janúar**

| sun | mán | þri | mið | fim | fös | lau |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 |
| 8 | 9 | 10 | 11 | 12 | 13 | 14 |
| 15 | 16 | 17 | 18 | 19 | 20 | 21 |
| 22 | 23 | 24 | 25 | 26 | 27 | 28 |
| 29 | 30 | 31 | | | | |

**febrúar**

| sun | mán | þri | mið | fim | fös | lau |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 1 | 2 | 3 | 4 |
| 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | 10 | 11 |
| 12 | 13 | 14 | 15 | 16 | 17 | 18 |
| 19 | 20 | 21 | 22 | 23 | 24 | 25 |
| 26 | 27 | 28 | | | | |

**mars**

| sun | mán | þri | mið | fim | fös | lau |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 1 | 2 | 3 | 4 |
| 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | 10 | 11 |
| 12 | 13 | 14 | 15 | 16 | 17 | 18 |
| 19 | 20 | 21 | 22 | 23 | 24 | 25 |
| 26 | 27 | 28 | 29 | 30 | 31 | |

**apríl**

| sun | mán | þri | mið | fim | fös | lau |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | 1 |
| 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 |
| 9 | 10 | 11 | 12 | 13 | 14 | 15 |
| 16 | 17 | 18 | 19 | 20 | 21 | 22 |
| 23 | 24 | 25 | 26 | 27 | 28 | 29 |
| 30 | | | | | | |

**maí**

| sun | mán | þri | mið | fim | fös | lau |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
| 7 | 8 | 9 | 10 | 11 | 12 | 13 |
| 14 | 15 | 16 | 17 | 18 | 19 | 20 |
| 21 | 22 | 23 | 24 | 25 | 26 | 27 |
| 28 | 29 | 30 | 31 | | | |

**júní**

| sun | mán | þri | mið | fim | fös | lau |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 1 | 2 | 3 |
| 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | 10 |
| 11 | 12 | 13 | 14 | 15 | 16 | 17 |
| 18 | 19 | 20 | 21 | 22 | 23 | 24 |
| 25 | 26 | 27 | 28 | 29 | 30 | |

**júlí**

| sun | mán | þri | mið | fim | fös | lau |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | 1 |
| 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 |
| 9 | 10 | 11 | 12 | 13 | 14 | 15 |
| 16 | 17 | 18 | 19 | 20 | 21 | 22 |
| 23 | 24 | 25 | 26 | 27 | 28 | 29 |
| 30 | 31 | | | | | |

**ágúst**

| sun | mán | þri | mið | fim | fös | lau |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | 8 | 9 | 10 | 11 | 12 |
| 13 | 14 | 15 | 16 | 17 | 18 | 19 |
| 20 | 21 | 22 | 23 | 24 | 25 | 26 |
| 27 | 28 | 29 | 30 | 31 | | |

**september**

| sun | mán | þri | mið | fim | fös | lau |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 1 | 2 |
| 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 |
| 10 | 11 | 12 | 13 | 14 | 15 | 16 |
| 17 | 18 | 19 | 20 | 21 | 22 | 23 |
| 24 | 25 | 26 | 27 | 28 | 29 | 30 |

**október**

| sun | mán | þri | mið | fim | fös | lau |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 |
| 8 | 9 | 10 | 11 | 12 | 13 | 14 |
| 15 | 16 | 17 | 18 | 19 | 20 | 21 |
| 22 | 23 | 24 | 25 | 26 | 27 | 28 |
| 29 | 30 | 31 | | | | |

**nóvember**

| sun | mán | þri | mið | fim | fös | lau |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 1 | 2 | 3 | 4 |
| 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | 10 | 11 |
| 12 | 13 | 14 | 15 | 16 | 17 | 18 |
| 19 | 20 | 21 | 22 | 23 | 24 | 25 |
| 26 | 27 | 28 | 29 | 30 | | |

**desember**

| sun | mán | þri | mið | fim | fös | lau |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 1 | 2 |
| 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 |
| 10 | 11 | 12 | 13 | 14 | 15 | 16 |
| 17 | 18 | 19 | 20 | 21 | 22 | 23 |
| 24 | 25 | 26 | 27 | 28 | 29 | 30 |
| 31 | | | | | | |

- Hræbíll
- Neðri bær - Almennt
- Neðri bær - pappír og pappi
- Neðri bær - plast
- Hlíða og túnahverfi - Almennt
- Hlíða og túnahverfi - pappír og pappi
- Hlíða og túnahverfi - plast
- Varmahlíð - Almennt
- Varmahlíð - pappír og pappi
- Varmahlíð - plast
- Hofsós - Almennt
- Hofsós - pappí og pappi
- Hofsós - plast

# Dreifbýli

**janúar**

| sun | mán | þri | mið | fim | fös | lau |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 |
| 8 | 9 | 10 | 11 | 12 | 13 | 14 |
| 15 | 16 | 17 | 18 | 19 | 20 | 21 |
| 22 | 23 | 24 | 25 | 26 | 27 | 28 |
| 29 | 30 | 31 | | | | |

**febrúar**

| sun | mán | þri | mið | fim | fös | lau |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 1 | 2 | 3 | 4 |
| 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | 10 | 11 |
| 12 | 13 | 14 | 15 | 16 | 17 | 18 |
| 19 | 20 | 21 | 22 | 23 | 24 | 25 |
| 26 | 27 | 28 | | | | |

**mars**

| sun | mán | þri | mið | fim | fös | lau |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 1 | 2 | 3 | 4 |
| 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | 10 | 11 |
| 12 | 13 | 14 | 15 | 16 | 17 | 18 |
| 19 | 20 | 21 | 22 | 23 | 24 | 25 |
| 26 | 27 | 28 | 29 | 30 | 31 | |

**apríl**

| sun | mán | þri | mið | fim | fös | lau |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | 1 |
| 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 |
| 9 | 10 | 11 | 12 | 13 | 14 | 15 |
| 16 | 17 | 18 | 19 | 20 | 21 | 22 |
| 23 | 24 | 25 | 26 | 27 | 28 | 29 |
| 30 | | | | | | |

**maí**

| sun | mán | þri | mið | fim | fös | lau |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
| 7 | 8 | 9 | 10 | 11 | 12 | 13 |
| 14 | 15 | 16 | 17 | 18 | 19 | 20 |
| 21 | 22 | 23 | 24 | 25 | 26 | 27 |
| 28 | 29 | 30 | 31 | | | |

**júní**

| sun | mán | þri | mið | fim | fös | lau |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 1 | 2 | 3 |
| 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | 10 |
| 11 | 12 | 13 | 14 | 15 | 16 | 17 |
| 18 | 19 | 20 | 21 | 22 | 23 | 24 |
| 25 | 26 | 27 | 28 | 29 | 30 | |

**júlí**

| sun | mán | þri | mið | fim | fös | lau |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | 1 |
| 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 |
| 9 | 10 | 11 | 12 | 13 | 14 | 15 |
| 16 | 17 | 18 | 19 | 20 | 21 | 22 |
| 23 | 24 | 25 | 26 | 27 | 28 | 29 |
| 30 | 31 | | | | | |

**ágúst**

| sun | mán | þri | mið | fim | fös | lau |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | 8 | 9 | 10 | 11 | 12 |
| 13 | 14 | 15 | 16 | 17 | 18 | 19 |
| 20 | 21 | 22 | 23 | 24 | 25 | 26 |
| 27 | 28 | 29 | 30 | 31 | | |

**september**

| sun | mán | þri | mið | fim | fös | lau |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 1 | 2 |
| 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 |
| 10 | 11 | 12 | 13 | 14 | 15 | 16 |
| 17 | 18 | 19 | 20 | 21 | 22 | 23 |
| 24 | 25 | 26 | 27 | 28 | 29 | 30 |

**október**

| sun | mán | þri | mið | fim | fös | lau |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 |
| 8 | 9 | 10 | 11 | 12 | 13 | 14 |
| 15 | 16 | 17 | 18 | 19 | 20 | 21 |
| 22 | 23 | 24 | 25 | 26 | 27 | 28 |
| 29 | 30 | 31 | | | | |

**nóvember**

| sun | mán | þri | mið | fim | fös | lau |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 1 | 2 | 3 | 4 |
| 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | 10 | 11 |
| 12 | 13 | 14 | 15 | 16 | 17 | 18 |
| 19 | 20 | 21 | 22 | 23 | 24 | 25 |
| 26 | 27 | 28 | 29 | 30 | | |

**desember**

| sun | mán | þri | mið | fim | fös | lau |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 1 | 2 |
| 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 |
| 10 | 11 | 12 | 13 | 14 | 15 | 16 |
| 17 | 18 | 19 | 20 | 21 | 22 | 23 |
| 24 | 25 | 26 | 27 | 28 | 29 | 30 |
| 31 | | | | | | |

- Almennt - austan Vatna
- Almennt - vestan Vatna
- Pappi og pappír - austan Vatna
- Pappi og pappír - vestan Vatna
- Plast - austan Vatna
- Plast - vestan Vatna

Rúlluplast er sótt heim á sveitabæi einu sinni í mánuði.
Plastið þarf að vera hreint og laust við annað rusl.

Boðið verður upp á þjónustu hræbílsins á 2 vikna fresti yfir vetrarmánuðina frá nóvember til mars en áfram vikulega frá apríl til október.
Panta þarf bílinn í síma 453-5000 eða á flokka@flokka.is

# Endurvinnsla á raftækjum

Raftæki innihalda spilliefni og mikilvægt að ónýtum raftækjum sé ekki hent í ruslið því þá enda þau í urðun. Raftæki innihalda líka verðmæta málma sem með endurvinnslu er hægt að nýta áfram og því enn mikilvægara að koma ónýtum raftækjum í endurvinnslu. Á Íslandi falla til árlega um 7.200 tonn af raftækjum og eingöngu 37% af þeim skila sér til endurvinnslu. Það þýðir að bæði dýrmæt efni, eins og gull, silfur, ál og járn tapast úr hringrásarhagkerfinu.

Við getum gert betur!



## Dæmi um raftæki:

| | | |
|---|---|---|
| Brauðrist | Rafmagnssnúra | Samlokugrill |
| Hárþurrka | Hleðslutæki | Heyrnatól |
| Sléttujárn | DVD-spilari | Straujárn |
| Jólasería | Reykskynjari | Tölva |
| Hátalari | Blandari | Frystikista |
| Ísskápur | Þvottavél | Rafsígaretta |
| Útvarp | Þurrkari | Örbylgjuofn |
| Lampi | Rakvél | Vasareiknir |

VISSIR ÞÚ AÐ ...
... spilliefni og lyfja-afgangar innihalda efni sem eru skaðleg umhverfi og heilsu fólks og eiga því alls ekki að fara með blönduðum úrgangi?

VISSIR ÞÚ AÐ ...
... endurvinnsluhráefni þarf að vera hreint til að nýtast til endurvinnslu?

VISSIR ÞÚ AÐ ...
... til falla 50 milljón tonn af raftækjum árlega á heimsvísu?

VISSIR ÞÚ AÐ ...
... að endurvinnsla áls þarfnast einungis 5% þeirrar orku sem þarf við frumvinnslu þess?

**VISSIR ÞÚ AÐ ...**
... endurvinnsla á 1 tonni af plasti sparar 2600 lítra af olíu?

**VISSIR ÞÚ AÐ ...**
... endurvinnsla á 1 tonni af pappír sparar um 4000 kwh af rafmagni?

**VISSIR ÞÚ AÐ ...**
... með því að jarðgera lífrænan eldhúsúrgang nýtast næringarefnin frá matarleifum til uppgræðslu og ræktunar?

**HUGSUM ÁÐUR EN VIÐ HENDUM !**


ÍSLENSKA
GÁMAFELAGIÐ